

Mál nr. 479/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 16. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 10. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 26. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 17. september 2024 hafi tjón orðið á stýribúnaði bílalyftu þegar fyrirtækið X vann við kjarnaborun í húsi húsfélagsins M. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Af hálfu V hefur bótaskylda verið hafnað. Í málskoti sínu vísar M til vinnuskýrslu verktaka sem tók að sér viðgerð á stýribúnaðinum í kjölfar bilunarinnar þar sem segir m.a. „...að brunalykt hefði komið frá lyftubúnaði við tengil á stýriboxi lyftunnar. Öryggi fyrir lyftuna hafi einnig slegið út við þetta og tengillinn orðið straumlaus. Kom í ljós að þakkort á lyftu var illa brunnið (tengill á stýriboxi er venjulega notaður fyrir tæki sem taka ekki mikinn straum t.d. vinnuljós, ryksugu, litlar borvélar).“ Að mati M er ljóst að vegna of mikils álags á raflögnina við kjarnaborunina hafi orðið skammhlaup sem olli skemmdum á stýriboxi ofan á lyftunni ásamt fleiri hlutum í stýrikerfi hennar og rafmagninu slegið út í kjölfarið. Fyrirkomulag raflagna sé óvenjulegt á þessum stað þar sem tengillinn er tengdur með lausri snúru við raflögn hússins. Í ljósi þess bar starfsmanni X að ganga úr skugga um að tengill á stýriboxinu gæti þolað álagið af völdum tækisins sem notað var til verksins. Starfsmaður X hafi gert mistök með því að nota umræddan tengil og við það valdið hinu umfangsmikla tjóni á stýribúnaði bílalyftunnar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að starfsmenn X hafi verið kallaðir út af pípulagningamanni til þess að kjarnabora göt á vegg í lyftugöngum í húseign M. Stungu þeir kjarnaborvélinni í samband við tengil á stýriboxi lyftunnar. Sló rafmagn þá út og settu þeir vélina í samband í annan tengil og kláruðu verkið. Nokkrum dögum síðar hringdi umboðsaðili M í starfsmann X og greindi honum frá því að lyftan hafi bilað og hélt því fram að hún hefði bilað vegna þess að starfsmenn X stungu kjarnaborvélinni í samband við tengilinn. Að mati V er í fyrsta lagi ósannað að tjónið á lyftunni sé að rekja til þess að starfsmaður X setti borvélinu í samband við stýribox lyftunnar. Ekki liggi ljóst fyrir hvenær bilunin átti sér stað. Ef vélin hefði verið of kraftmikil fyrir tengilinn, hefði rafmagnið einungis átt að slá út. Lyftan hefði átt að þola það. Í öðru lagi bendir V á að starfsmaður X gerði ekkert rangt þegar hann stakk kjarnaborvélinni í samband við tengilinn í stýribúnaði lyftunnar og þar af leiðandi sé ekki um saknæma háttsemi starfsmannsins að ræða. Um hafi verið að ræða vél sem stinga megi í samband við hefðbundinn tengil/innstungu, þ.e. 10 ampera. Bótaréttur sé því ekki til staðar úr tryggingunni.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að um hafi verið að ræða mistök af hálfu X að nota umræddan tengil og leggur fram greinargerð af hálfu viðgerðaraðila lyftunnar sem telur ljóst að lyftan hafi bilað við það að einhverju var stungið í samband við tengilinn sem olli bilun lyftunnar.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar V fyrri afstöðu sína.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón á bílalyftu húsfélagsins M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Sönnunarbyrði hvílir á þeim sem slíku heldur fram og verður því að meta hvort M hafi með framlögðum gögnum sýnt fram á að tjón á lyftunni megi rekja til þess að starfsmaður X hafi ekki gætt fyllstu varúðar er hann stakk kjarnaborvél í samband við stýribox lyftunnar. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að tjón á lyftunni megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanns X. Var ekki haft samband við X vegna bilunarinnar fyrr en nokkrum dögum eftir að hann

hafði verið að vinna við kjarnaborunina. Ekki liggur fyrir hvort aðrir sem voru við vinnu við verkið, s.s. pípulagningamaður sá sem fékk starfsmann X að verkinu, hafi einnig notað umræddan tengil í stýriboxinu eða yfirhöfuð hvort tjónið megi rekja til þess að borvélinni var stungið þar í samband. Auk þess verður það ekki talið starfsmanni X til sakar að nota umræddan tengil fyrir borvél þá sem hann notaði umrætt sinn. Sönnunarbyrði um að orsök tjónsins megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X hvílir á M og hefur slík sönnun ekki tekist. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. mars 2025.

Guðmundur Sigurðsson

rafræn undirskrift
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir